

umgengni utan húss og innan hef ég ekki þekkt. Hann hirti svo vel heygarð sinn að orð var á gert. ... Jón í Roðgúl var aldrei formaður, en lengi var hann háseti hjá Sturlaugi í Starkaðarhúsum“.

1866—1883.

Sigurður Arnbjörnsson, fæddur 26. febrúar 1828 í Háamúla, dáinn 29. júní 1883 í Vælugerði. Foreldrar: Arnbjörn bóndi á Háamúla í Fljótshlíð og síðar á Flókastöðum, Ólafsson, og kona hans, Guðríður Porsteinsdóttir bóna í Austurdal í Seyðisfirði, Sigurðssonar. Kona 1, 1860: Ingigerður, fædd 30. desember 1834 í Hraunkoti í Meðallandi, dáin 24. apríl 1862 að Lambafelli í Austur-Eyjafjallahreppi, Hannesdóttir pósts á Brekkum í Mýrdal, Gottsveinssonar, og konu hans, Margrétar Jónsdóttur bóna á Brekkum, Jónssonar. Barn:

Guðrún, fædd 19. febrúar 1862 að Lambafelli, dáin 21. apríl 1915 á Hurðarbaki, húsmóðir á Hurðarbaki. Maður hennar var Árni bóndi og hreppstjóri á Hurðarbaki, Pálsson.

Kona 2, 1864: Jórunn, fædd 11. október 1831 á Rauðnefsstöðum, dáin 17. september 1915 í Hólmsbæ á Eyrarbakka, Þorgilsdóttir bóna á Rauðnefsstöðum, Jónssonar, og konu hans, Puriðar Pálsdóttur bóna á Neðri-Pverá í Fljótshlíð, Jónssonar. Jórunn var systir Höllu húsmóður í Flögu, konu Markúsar Björnssonar bóna þar og Puriðar, móður Árna bóna á Hurðarbaki, Ingibjargar húsmóður í Kambi og Sigríðar húsmóður í Vælugerði. Börn:

1. Guðríður, fædd 9. mars 1865 á Kirkjulæk í Fljótshlíð, dáin 1. maí 1911 í Reykjavík, húsmóðir í Merkinesi í Höfnum og Reykjavík. Maður hennar var Guðmundur bóndi og sjómaður þar, Einarsson.

2. Þorgils, fæddur 14. janúar 1867 í Vælugerði, dáinn þar 13. febrúar 1886, ókvæntur og barnlaus.

3. Arnbjörn, fæddur 24. júní 1868 í Vælugerði, drukknaði 7. apríl 1906 af þilskipinu Sophic Wesly frá Reykjavík, er fórst út af Mýrum, ókvæntur.

4. Puriður, fædd 24. janúar 1870 í Vælugerði, dáin 10. október 1896 í Hólmsbæ á Eyrarbakka, ógift og barnlaus.

Jórunn var áður gift Ólafi bónda í Snoru í Landeyjum, Jónsyni. Pau skildu. Sonur þeirra var Guðjón. Hann ólst upp með

móður sinni og eftir að hann komst upp, var hann vinnumaður í Vælugerði uns hann fluttist til Eyrarbakka, gerðist þar verslunarmaður og síðar sparisjóðsstjóri. Hann bjó þar í Hólmsbæ. Kona hans var Margrét Teitsdóttir bóna í Kolsholti, Jónssonar. Pau áttu mörg börn. (Sjá Bergsætt).

Sigurður Arnbjörnsson bjó fyrst á Lambafelli, síðan á Flókastöðum í Fljótshlíð og Kirkjubæ í sömu sveit áður en hann fluttist að Vælugerði. Hann var mikilhæfur bóndi og létt eftir sig góð efni. Jórunn var mikilhæf dugnaðarkona. Eftir látt bóna síns bjó hún ásamt börnum sínum í Vælugerði þar til hún fluttist til Eyrarbakka og átti þar heima til dauðadags.

1883—1887.

Jórunn Þorgilsdóttir ekkja hér að framan.

1887—1898.

Tómas Eyvindsson, fæddur 14. júní 1854 í Dúðu, dáinn 2. febrúar 1916 í Reykjavík, bráðkvaddur. Foreldrar: Eyvindur bóndi í Dúðu í Fljótshlíð, Jónsson, og kona hans, Þorbjörg Tómasdóttir bóna í Dúðu, Bjarnasonar. Dúða var ein af hjáleigum Eyvindamúla, síðar Árkvarnar, og nefndist þá Dúðastaðir en síðar Daðastaðir. Kona 1885: Sigríður, fædd 3. des. 1864 á Pingskálum, dáin 20. des. 1946 í Rvík, Pálsdóttir bóna á Selalæk, Guðmundssonar, og konu hans, Puriðar Þorgilsdóttur bóna á Rauðnefsstöðum, Jónssonar. Börn:

1. Páll, fæddur 3. ágúst 1888 í Vælugerði, drukknaði ungr við Amerikustrendur.

2. Magnús, fæddur 19. apríl 1890 í Vælugerði, dáinn 17. apríl 1862 í Reykjavík, stórkauður í Reykjavík. Kona hans var Sofía Franzdóttir sýslumanns Siemsens. Magnús fékk árið 1916 leyfi til að taka upp ættarnafnið Kjaran.



Sigríður Pálsdóttir.

3. Eyþór, fæddur 19. júní 1892 í Vælugerði, dáinn 24. október 1919 í Reykjavík, ókvæntur og barnlaus.

4. Ingvar Kristinn, fæddur 1. mars 1895 í Vælugerði, dáinn 3. júní 1955 í Reykjavík, skipstjóri í Reykjavík. Kona hans var Rannveig Dýrleif Björnsdóttir frá Ísafirði. Ingvar tók upp aettarnafnið Kjaran. Það var hann sem var skipstjóri á „Súðinni“ frá Reykjavík þegar þýsk herflugvél gerði skotárás á hana á Skjálfandaflóa árið 1943.

5. Puriður, fædd 11. september 1896 í Vælugerði, dáin þar 25. mars 1897.

6. Puriður, fædd 6. apríl 1898 í Vælugerði, dáin 8. maí 1972 í Reykjavík, húsmóðir í Reykjavík. Maður hennar var Leifur Böðvarsson útgerðarmaður í Reykjavík, bróðir Haraldar útgerðarmanns á Akranesi.

7. Auðbjörg, fædd 6. júlí 1901 í Reykjavík, húsmóðir í Reykjavík. Maður hennar var Kristján Gestsson stórkauptaður í Reykjavík.

8. Arnbjörg, fædd 28. mars 1906 í Reykjavík, ógift skrifstofustúlka þar.

9. Bjarndís, fædd 28. október 1907 í Reykjavík, húsmóðir í Reykjavík. Maður hennar er Ísleifur *Gísli*, fyrrum aðal gjaldkeri hjá Hitaveitu Reykjavíkur, Ólafsson prests á Stórahrauni á Eyrarbakka, Helgasonar.

Um þau hjónin Tómas og Sigríði má segja, að þau hafi verið höfðingjar í sjón og raun. Í Reykjavík áttu þau lengst heima í Skothúsi við Skothúsveg.

1898—1925.

Guðmundur Guðmundsson, fæddur 6. október 1868 í Miðhúsum í Hvolhreppi, dáinn 22. nóvember 1948 í Reykjavík. Foreldrar: Guðmundur bóndi í Miðhúsum og á Stórlfshvoli, Einarsson, og kona hans, Kristín Þorvaldsdóttir bónda í Vallarhjáleigu, Jónassonar. Kona 1, 1896: Sigríður, fædd 19. febrúar 1877 í Miðkrika, dáin 5. janúar 1913 í Reykjavík, Einarsdóttir bónda í Miðkrika og Garðsaukahjáleigu, Einarssonar, og konu hans, Margrétar Einarsdóttur. Börn:


1. Matthías Einar, fæddur 5. ágúst 1897 í Öndverðarnesi, dáinn 5. september 1962 í Reykjavík, kennari og lögreglumaður í Reykjavík. Fyrri kona hans var Ragnheiður *Kristín* Kristjáns-

dóttir bónda að Eyrarhúsum í Tálknafirði, en seinni kona Sigrún Jónasdóttir bónda í Reykjarfirði í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu.

2. Kristín, fædd 8. október 1902 í Vælugerði, dáin 26. janúar 1938 í Reykjavík, ógift.



Guðmundur Guðmundsson.



Sigríður Einarsdóttir.

3. Ragna, fædd 4. júlí 1907 í Vælugerði, dáin þar 30. ágúst 1914.

4. Sigurður, fæddur 5. mars 1912 í Pingdal, dáinn 20. apríl 1980 í Reykjavík, vélstjóri við Andakílvirkjun og viðar. Síðast verkstjóri hjá Stálumbúðum hf. í Reykjavík. Kona hans var Laufey Loftsdóttir járnsmiðs og pípulagningamanns í Reykjavík, Bjarnasonar.

Kona 2, 1914: Guðbjörg, fædd 9. desember 1880 á Reykjavöllum, dáin 24. september 1957 í Reykjavík, Jónsdóttir bónda á Reykjavöllum í Hraungerðishreppi, Sigurðssonar, og konu hans, Sigríðar Arnbjörnsdóttur bónda í Galtarholti, Eyjólfssonar. Barn: Ragna Sigríður, fædd 14. júní 1916 í Pingdal, húsmóðir á Sólborgarholi í Kræklingahlíð og síðar á Möðrudal á Fjöllum. Maður hennar var Páll bóndi á Sólborgarholi, Ásgeirsson.

Pau Guðmundur og Sigríður byrjuðu búskap í Öndverðarnesi í Grímsnesi árið 1896. Þaðan fluttu þau að Vælugerði. Guðmundur gekkst fyrir því að fá nafni jarðarinnar breytt. Var hún upp frá því nefnd Pingdalur. Var það réttnefni, því hér var þing-